

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

31. maí 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (gjaldmiðlaáhætta og rafræn birting), 568. mál.

Bandalagið fagnar því að tekið hafi verið tillit til breytingatillögu BHM í umsögn um málið [í mars síðastliðnum](#) og hvetur til þess að málið nái fram að ganga. Að mati bandalagsins er eftir sem áður mikilvægt að heimildin sé endurskoðuð árlega frá og með 2024 með hliðsjón af svigrúmi í greiðslujöfnuði.

Fyrri frumvarpsdrög – mars 2022

„Þrátt fyrir 1. mgr. 36. gr. d. skal lífeyrissjóður fram til ársins 2024 hafa að lágmarki 50% af heildareignum sjóðsins í sama gjaldmiðli og skuldbindingar hans. Hinn 1. janúar 2024 lækkar lágmark skv. 1. mgr. 36. gr. d. í 49% og eftir það um eitt prósentustig 1. janúar ár hvert þar til lágmarkið nær 35% 1. janúar 2038.“

Breytingatillaga BHM – mars 2022

„Þrátt fyrir 1. mgr. 36. gr. d. skal lífeyrissjóður fram til ársins 2024 hafa að lágmarki 50% af heildareignum sjóðsins í sama gjaldmiðli og skuldbindingar hans. Hinn 1. janúar 2024 lækkar lágmark skv. 1. mgr. 36. gr. d. í 48,5% og eftir það um 1,5 prósentustig 1. janúar ár hvert þar til lágmarkið nær 35% 1. janúar 2033. Árleg lækkun lágmarksins skuli þó endurmetin á 2 ára fresti í samráði við Seðlabankann, með hliðsjón af svigrúmi í greiðslujöfnuði og áhrifum á efnahagslegan stöðugleika.“

Breytingatillaga stjórnvalda – ný frumvarpsdrög

„Þrátt fyrir 1. mgr. 36. gr. d. skal lífeyrissjóður fram til ársins 2024 tryggja að að lágmarki 50% af heildareignum sjóðsins séu í sama gjaldmiðli og skuldbindingar hans. Hinn 1. janúar 2024 lækkar það lágmark í 48,5% og um 1,5 prósentustig 1. janúar ár hvert til 1. janúar 2027. Eftir það lækkar lágmarkið um eitt prósentustig 1. janúar ár hvert þar til það nær 35% 1. janúar 2036, sbr. 1. mgr. 36. gr. d. Eigi síðar en árið 2027 skal ráðherra leggja mat á það hvort tilefni er til að leggja til aðrar breytingar á hlutföllum lágmarksins en þær sem koma fram í 1. mgr.“

Að öðru leyti vísar bandalagið til sjónarmiða í fyrri umsögn bandalagsins og minnir á lokaorðin í þeirri umsögn:

„...Meginhlutverk lífeyrissjóðanna er að hámarka arðsemi á eignir sjóðsfélaga svo almenningur geti tryggt afkomuröryggi sitt og sinna við starfslok, örorku eða fráfall...“

Fyrir hönd BHM,



Vilhjálmur Hilmarsson
Hagfræðingur BHM



Friðrik Jónsson
Formaður BHM